

Bjarni Siggeirsson, greiði hinum stefnda, H. J. Ernst sem málskostnað fyrir yfirdómi 12 — tólf — krónur innan 8 vikna frá lögbirtingu dómsins undir aðför að lögum.

Mánudaginn hinn 13. júlímánaðar.

Nr. 4/1891:

Ole Lied

gegn

Christen Havsteen

fyrir hönd Gránufjelagsverzlunarinnar á Oddeyri.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Akureyrarkaupstaðar 2. júlímánaðar f. á. var áfrýjandinn, skósmiður Ole Lied á Oddeyri, dæmdur til að greiða stefnda, verzlunarstjóra Gránufjelagsverzlunarinnar á Oddeyri, Christen Havsteen, fyrir hönd tjeðrar verzlunar, verzlunarskuld að upphæð 1020 kr. 86 a. og 5 kr. í málskostnað. Dómi þessum og fjárnámsgjörð, sem fram á hafa farið samkvæmt honum, hefur áfrýjandinn stefnt til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. jan. þ. á., en að því fjárnámsgjörðina snertir hefur hann enga kröfu gjört hjer fyrir rjettinum og eigi framlagt dómsgjörðir henni viðvíkjandi, og verður því stefnunni frávísað, að því er til hennar kemur.

Til sönnunar skuldakröfu sinni lagði stefndi fram í undirrjetti skuldabrjef, útgefið 30. marz 1886, þar sem áfrýjandinn játar, að hann skuldi Gránufjelagsverzluninni á Oddeyri 933 kr. 70 a., og lofar að borga þá upphæð í fjórum gjalddögum á árunum 1886 og 1887, en

ef hann eigi greiddi afborganirnar í tæka tíð, þá skyldi hann greiða 5 af hundraði í vöxtu árlega af skuldinni. Ennfremur skuldbatt áfrýjandinn sig í skuldabryjefinu til að borga eptirleiðis jafnóðum mánaðarlega það, er hann fengi til láns við verzlunina, og loks var ákvæði um, að hús hans á Oddeyri skyldi vera að veði fyrir upphæð nefndrar skuldar, 933 kr. 70 a. Í öðru lagi lagði stefndi fram reikning yfir skuld áfrýjandans við verzlunina, dags. 16. maí f. á., en eptir honum skuldaði hann verzluninni 1020 kr. 86 a., og voru á reikningnum sjerstaklega tilfærðir skuldarmegin vextir af framangreindri veðskuld fyrir árin 1887, 1888 og 1889:

Samkvæmt skýrslu þeirri, er áfrýjandinn hefur gefið um málið fyrir undirrettinum og stefndi eigi hefur nægilega mótmælt, verður nú að vísu að álíta, að áfrýjandinn hafi þegar áður en mál þetta hófst verið búinn að greiða stefnda höfuðstól fyrnefndrar veðskuldar, þó að það væri eigi gjört á þeim tilsettu gjalddögum, og að hin umkrafða skuld, 1020 kr. 86 a., stafi frá úttekt hans við verzlunina eptir útgáfu skuldabryjefsins 30. marz 1886, en að öðru leyti hefur áfrýjandinn eigi fyrir undirrettinum haft á móti skuldinni, annað en það, að hann væri eigi skyldur til að greiða að öllu hina tilfærðu vexti, sjerstaklega vextina fyrir árið 1887, 38 kr. 97 a., er þáverandi verzlunarstjóri hafi lofað honum, að eigi skyldu verða heimtaðir af honum.

Samkvæmt þessu, og þar sem víðtækari mótmæli og kröfur af áfrýjandans hálfu fyrir yfirrettinum snertandi hina umstefndu skuld, heldur en að fram komu frá hans hendi fyrir undirrettinum, eigi geta nú komið til álita gegn mótmælum stefnda, er því að eins að ræða um mótmæli áfrýjandans gegn vaxtakröfunni, sjer-

staklega vöxtunum fyrir 1887, og verða þau að takast til greina, þar sem fyrgreindri skýrslu hans vöxtunum viðvíkjandi eigi var nægilega mótmælt af hálfu stefnda fyrir undirrjettinum. Ber því að dæma áfrýjandann til að greiða hina umstefndu skuld 1020 kr. 86 a. að frá-dreginni greindri vaxtaupphæð, 38 kr. 97 a., eða alls 981 kr. 89 a. Málskostnaður fyrir undirrjetti og yfir-rjetti virðist rjett að falli niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, Ole Lied, greiði stefnda, verzlunar-stjóra Christen Havsteen fyrir bönd Gránufjelags-verzlunarinnar á Oddeyri, 981 kr. 89 a. Málskostn-
aður falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 27. júlímánaðar.

Nr. 5/1891:

Ábúandi þjóðjarðarinnar Stóru-
Hámundarstaða
gegn

Halldóri Bjarnasyni eiganda og
umráðamanni Háls í Svarfaðardal.

D ó m u r :

Mál þetta, sem er út af ágreiningi um landamerki milli bændajarðarinnar Háls í Svarfaðardal og þjóðjarðarinnar Stóru-Hámundarstaða, var dæmt í landamerkjadómi Eyjafjarðarsýslu 12. maí f. á., þannig að landamerki milli nefndra jarða skyldu vera »merkjagarður,